



Alþýðusamband Íslands

Atvinnuleysistryggingar - hlutastörf og hlutabætur

Í nóvember á síðasta ári voru samþykktar tímabundnar breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar sem fólu í sér rýmkaðar heimildir til að greiða atvinnuleysisbætur á móti skertu starfshlutfalli. Jafnframt fól frumvarpið í sér að réttindi launafólks í Ábyrgðasjóði launa voru færð til samræmis.

Hugmyndin að baki breytingunum er að hvetja fyrirtæki til að mæta tímabundnum samdrætti í rekstri með því að bjóða starfsmönnum skert starfshlutfall frekar en að segja starfsmönnum upp starfi. Það er mat ASÍ að tímabundin skerðing starfshlutfalls sé mun betri kostur en uppsögn, neyðist fyrirtæki til að draga saman starfsemi sína um einhvern tíma. Þetta gildi jafnt um hagsmuni starfsmannanna, fyrirtækjanna og samfélagsins alls. Þannig sé tryggt að starfsmenn haldi starfi, þótt það sé tímabundið skert, sem er mikilvægt fjárhagslega en ekki síður félagslega. Þá tryggir slíkt fyrirkomulag að fyrirtækin hafa áfram aðgang að hæfum starfsmönnum þegar úr rætist og hjól atvinnulífsins fara að snúast á ný af krafti.

Eins og áður segir voru þær breytingar sem samþykktar voru á lögnum um atvinnuleysistryggingar tímabundnar, eða til 1. maí nk. Nú liggur hins vegar fyrir Alþingi frumvarp sem unnið hefur verið í samráði við aðila vinnumarkaðarins, þar sem framangreint fyrirkomulag er framlengt til næstu áramóta. Auk þess sem lagðar eru til nokkrar aðrar breytingar á lögnum sem ætlað er að samræma betur en nú er réttindi sjálfstætt starfandi samanborið við réttindi launafólks.

Halldór Grönvold,
aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ halldor@asi.is